



1.fundur stefnuráðs um áfangastaðinn Höfuðborgarsvæðið haldinn í Apotekinu Hafnarborg, 25.mars 2022 og hófst fundurinn kl 10:00. Mættir eru Sigrún Edda Jónsdóttir – Seltjarnarnes, Hjálmar Sveinsson – Reykjavík, Josh Friðriksson - Ferðamálasamtök Höfuðborgarsvæðis, Ágúst Elvar Bjarnasson – SAF, Þórir Garðarsson – Ferðamálasamtök Höfuðborgarsvæðis, Ingvar Arnarson – Garðabær, Stella Stefánsdóttir – Garðabær, Steinunn Guðbjörnsdóttir – Ferðamálasamtök Höfuðborgarsvæðis, Kristinn Andersen – Hafnarfjörður, Jón Ingi Hákonarsson – Hafnarfjörður, Valdimar Birgisson – Mosfellsbær, Ásgeir Sveinsson – Mosfellsbær, Hjördís Ýr Johnson – Kópavogur,

Pétur H Sigurðsson – Kópavogur, Valgerður Sigurðardóttir – Reykjavík, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir – Reykjavík, Thelma Thorarensen – SAF, Jakob Einar Jakobsson – SAF og Andrés Magnússon – SVP boðuðu forföll.

Þá sátu fulltrúar úr ráðgjafahópi sem áheyrnarfulltrúar. Mætt voru María Björk Óskarsdóttir – Seltjarnarnes, Hugrún Ósk Ólafsdóttir – Mosfellsbær

Gengið var til dagskrár.

1. Kynning á verkefninu um áfangastaðinn Höfuðborgarsvæðið.

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH kynnti aðdraganda verkefnins og hlutverk stefnuráðs í stefnumótun verkefnisins. Þá var kynntur nýráðinn verkefnastjóri áfangastaðarins Höfuðborgarsvæðis, Björn H. Reynisson

Niðurstaða fundar. Kynnt.

2. Greining og drög að stefnumótun um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið.

Björn H. Reynisson, verkefnastjóri áfangastaðarins höfuðborgarsvæðis, fór yfir greininguvinnu sína þar sem m.a. voru skoðaðar úthlutunanir úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða, útgefin leyfi til fyrirtækja, greiningar á erlendum áfangastaðastofum og annað efni málefni tengt.

Þá fór Björn yfir helstu málusteina verkefnisins og unnið var stutt verkefni um hvað áfangastaðurinn Höfuðborgarsvæðið stæði fyrir. Björn fjallaði síðan um niðurstöður verkefnisins sem unnið var á fundinum og bar saman við þau drög sem liggja fyrir og kynnt voru að framtíðarsýn um áfangastaðinn. Verður nú í framhaldinu unnin stutt greinargerð sem send verður sveitarfélögum til kynningar. Önnur atriði sem rædd voru eins og stýring ágangs á svæðum, vöruþróun á afþreyingu fyrir fjölskyldur, draga betur fram árstíðir á svæðinu. Að lokum var farið yfir drög að dagskrá ferðamálaþings sem haldið verður í 26.apríl næstkomandi.

Niðurstöður fundar.

Stefnuráð samþykkir að fyrirliggjandi drög að framtíðarsýn um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið verði notaður sem grunnur að næstu skrefum í stefnumótun verkefnisins. Niðurstaða fundarins verður send ásamt greingerð til kynningar hjá sveitarstjórnunum og mun verkefnastjóri fylgja því eftir með kynningu verði eftir því óskað.

Fleira ekki rætt og lauk fundi kl: 12:05